

Nd.

680. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra hefur heimild til að veita veitingahúsum veitingaleyfi á áfengum drykkjum, sem til landsins er heimilt að flytja.

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölu, þar á meðal um veitingatíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 11. gr. áfengislaganna er heimild ráðherra til þess að veita veitingahúsum almenn vinveitingaleyfi takinörkuð við eitt veitingahús í Reykjavík. Hótel Borg hefur hlotið þetta leyfi. Félög og einstaklingar fá þó sérstök leyfi til vinveitinga í veizlum og á skemmtunum og láta þau leyfi venjulega í té veitingahúsi, sem veizlan eða skemmtunin er haldin í.

Forréttindi eins hótels í þessu efni eru ekki réttmæt né heppileg nú orðið. Valda því gagngerðar breytingar, sem orðið hafa á skemmtanalífi og greiðasölu síðan þetta fyrirkomulag var ákveðið.

Breyting sú, sem ráðgerð er með frumvarpi þessu, mun ekki auka vinnuaukt, en aðeins gera hana menningarlegri en hún er nú. Það er kunnugra en að frá þurfi að segja, að í Reykjavík geta þeir, er vilja, aflað sér áfengis hjá launsölum á öllum tímum sólarhrings. Ef frumvarp þetta verður að lögum, myndu launsalarnir hverfa, en vinveitingar þær, sem þeir nú hafa með höndum, komast í hendur veitingahúsa og gistihúsa. Sýnist ríkisvaldinu vera skylt að hafa skaplegt fyrirkomulag á afhendingu áfengis til almennings, meðan það hefur einkainnflutning á áfenginu.

Að sjálfsögðu er það á valdi ráðherra að setja með reglugerð og skilyrðum í veitingaleyfum þær almennu skorður, er hann telur nauðsynlegar.

Samband veitinga- og gistihúsaiegenda hefur skrifað Alþingi um þessi mál. Fylgir bréf þess sem fylgiskjal.

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Samband veitinga- og gistihúsaiegenda fer þess hér með á leit við Alþingi, að það breyti 11. gr. í áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935. Vill stjórn sambandsins taka eftirfarandi fram til stuðnings málaleitun sinni:

Það er vitað, að eins og áfengismálum er háttað hér nú, er hverjum þeim, sem vill fá áfengi, það mögulegt. Það er því ekki hér verið að veita meira víni til almennings en verið hefur. Það er hér farið fram á, að vínið verði veitt á nýjum vettvangi, vettvangi, sem er miklu eðlilegri þessari sölu frá öllum sjónarmiðum, en útrýmt yrði leynivinsölu.

Það er vitað mál, svo sem áður er bent á, að vín er alltaf fáanlegt á flestum stöðum hér á landi hjá „sprúttisölum“. Hafa þessir aðilar gegndarlausar tekjur af þessari veitingasölu, sem þeir greiða svo hvorki veitingaskatt eða aðra skatta til ríkissjóðs af. Auðvitað er þessi sala alls óleyfileg, en aftur á móti er ógerningur að hamla á móti henni, nema veitingahúsum verði heimilað að hafa almennar vinveitingar. En með því fyrirkomulagi má telja, að leynivinsölu yrði að mestu leyti eytt og veitingahúsunum gefinn miklu betri fjárhagsgrundvöllur, sem leiddi af sér

auknar skatttekjur ríkissjóðs og aukinn möguleika fyrir menningarbrag á veitingahúsum.

Það verður að telja, að með þessari lagabreytingu verði aðeins jákvæð breyting á áfengismálum. Það virðist alls ekki mega reikna með aukinni áfengisnautn almennings vegna þessarar breytingar á söluaðferðinni, þótt það séu veitingahúsin í stað leynivinsalanna, sem hafi vinsöluna með höndum.

Þá er þessi lagabreyting mjög nauðsynleg með tilliti til þess, ef landið á að verða ferðamannaland. Það er staðreynd, að ferðamenn vilja hafa vínveitingar, og að það er víst, að þeir breyta ekki út af venju sinni um vinnnautn, þótt ekki sé vín á veitingahúsum, heldur mundu þeir kaupa vín af vinsölum, og yrði það sízt menningarlegra fyrir okkur að hafa vín á boðstólum hjá leynivinsölum en þótt veitingahúsin hefðu vín á boðstólum, svo sem almenn regla er í flestum siðmenningarlöndum, þar sem vín á annað borð er fáanlegt.

Það hefur verið rætt um það, að bæta þyrfti veitingastarfsemina í landinu, auka hótélbyggingar og svo framvegis, en það er sanngirniskrafa allra þeirra, sem vilja framgang veitingastarfseminnar, að vín verði veitt í veitingahúsum, svo framarlega sem nokkurt vín er á boðstólum í landinu.

F. h. S. V. G.

Ragnar Þórðarson.